

Leikskólinn Lyngheimar
2024-2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla og frístundastafi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína
rætast og hafa áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit.

Efnisyfirlit. Leiðarljós leikskólans.

1. Greinagerð leikskólastjóra.
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.
3. Innra mat deilda.
4. Innra mat sérkennslu.
5. Innra mat – fjöltyngd börn.
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastöðva.
8. Foreldrasamvinna.
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.
10. Fylgiskjöl: Umsögn foreldraráðs, leikskóladagatal



Leiðarljós leikskólans.

Virðing. Að koma vel fram við aðra.
Umhyggja. Að snerta, hughreysta og hugga.
Tillitssemi. Að setja sig í spor annarra.

Greinagerð leikskólastjóra.

Haustið 2023 fór vel af stað á Lyngheimum. Starfsmenn komu fullir orku til starfa eftir sumarleyfi.

Lyngheimar ásamt leikskólum í Rimahverfi byrjaði haustið á að taka þátt í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar Fyrir í frístund.

Elsti árgangur skólans fór strax eftir sumarleyfi í Frístund í Rimaskóla. Tveir starfsmenn frá Lyngheimum fóru með þeim í frístundina og voru með þeim þar til grunnskólinn byrjaði. Verkefnið gekk mjög vel og börnin voru ánægð.

Aðlögun nýrra barna byrjaði 21. ágúst, 22 börn byrjuðu á Lyngheimum þetta haustið.

Vetrarstarfið hófst í byrjun september. Á síðasta skólaári var ákveðið að efla samvinnu og samstarf milli deilda.

Hauststarfið byrjaði á samvinnuverkefni. Fundað var með börnunum um hvaða verkefni þau vildu vinna á Degi náttúrunnar. Börnin völdu flest að fara í útilegu, verkefni var skýrt Allir í útilegu. Nýja útikennslusvæðið var notað til að búa til útilegustemmingu. Börnin komu með sínar hugmyndir um hvernig þeim myndist útilega ætti að vera og hvað þau myndu vilja gera í útilegu.

Hugmyndirnar voru mjög fjölbreyttar, veiði, lestur bóka, leggja sig í tjaldinu, elda mat við eldstæði, útileikir og fleira.

Unnið var að fleiri samvinnuverkefnum veturinn 23-24 t.d. plastlaus september, elstu deildirnar kynntu yngri börnunum fyrri skáldinu Jónasi Hallgrímssyni í tilefni af Degi íslenskrar tungu, Okkar eigið jólatré, Myrkur í borginni í tilefni af Degi leikskólans, Tröllin okkar var verkefni sem unnið var að ósk barnanna. Við lukum samvinnuverkefnum með Vísindavíku.

Kennarar Lyngheima leggja áherslu á að öll verkefni tengist þeim áhersluþáttum sem við settum okkur út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar sjálfsefning, félagsfærni, sköpun, læsi og félagsfærni. Lýðræði og inngilding eru líka þeir þættir sem við beindum sjónum okkar að.

Skólinn er að vinna að því að verða Unicef leikskóli, umsókn verður send inn með haustinu.

Lyngheimar er þetta vorið þáttakandi í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar Fyrir í frístund. Elsti árgangur skólans hættir í skólanum 7. júní 2024 og byrjar í Frístund grunnskóla 10. júní. Spennandi verður að fylgjast með hvernig verkefnið á eftir að ganga.

Verandi þátttakandi í þessu verkefni færir aðlögun nýrra barna til byrjun júní.

Lyngheimar eru þátttakendur í innleiðingarverkefninu Nurture sem Skóli og frístundasvið eru að fara af stað með. Kennarar Lyngheima eru mjög spenntir fyrir verkefninu. Á næsta skólaári munum við á Lyngheimum beina kröftum okkar að þessu verkefni, og hvernig verkefnið aðlagast inn í okkar starf/stefnu.

Á næsta skólaári verður helsti áhersluþáttur út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar læsi. Áhersla verður lögð á lestur bóka, hlustun, segja sögur og leika sér með tungumálið.

Framtíð fagstarfs á Lyngheimum er björt, listasmiðja hjarta leikskólans er og verður áfram okkar aðalsmerki, þróun útikennslusvæðis gengur vel en hægt, en við höldum ótrauð áfram.

Kennarar Lyngheima eru mjög duglegir að skrá vetrarstarfið. Þeir senda foreldrum vikuleg fréttabréf í máli og myndum. Kennarar skila líka skráningu frá vinnu vetrarins út frá þáttum menntastefnunnar í máli og myndum. Frábær vinna og gaman að geta sýnt foreldrum og gestum þá vinnu sem fer fram á Lyngheimum.

Ljúkum við vetrinum með hefðbundnum hætti útskrift, opnu húsi, vorsýningu á verkum barnanna, íþróttavíku og sumarhátíð.

Gleðilegt sumar.



Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Fagmennska kennara.	Könnun send til starfsmanna í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Deildastjórar munu fara í gegnum niðurstöðurnar og vinna umbætur með starfsmönnum sínum. Fyrir næsta skólaár.
Forysta og leiðsögn	Könnun send til starfsmanna í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn eru ánægðir með forustu deildastjóra en leiðsögn mætti vera skýrari. Markmið, leiðir og hlutverk starfsmanna.
Skipuleggur og leiðir faglegt starf deildar.	Könnun send til starfsmanna í gegnum xx Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn eru ánægðir með skipulag og faglegt starf en markmið og leiðir og til hvers væri ætlast til af þeim mætti vera skýrara.
Upplýsingafæði kennara og vinnu vegna faglegs starfs.	Könnun send til starfsmanna í gegnum xx Microsoft forms		Starfsmenn eru ánægðir með upplýsingafæðið, en eins og kemur fram hér fyrir neðan mættu markmið fagstarfsins vera skýrari.
Útikennslusvæði, hvað veldur því að ekki hefur tekist með markvissum hætti að koma útkennslu inn í dagskrá dagsins.	Könnun send til starfsmanna í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Svæðið er ekki nægilega aðlaðandi, skipulag ekki nægilega skýrt, verkefni ekki sýnileg/aðgengileg, áhugaleysi. Fá hugmyndir frá starfsmönnum hvernig hægt er að gera svæðið aðlaðandi, bæta skipulag og upplýsingarflæði, gera hugmyndir af verkefnum sýnilegir og aðgengilegir (hugmyndabanki er til) og reyna að kveikja áhuga, frumkvæði og virkni starfsmanna.
Höfum við verið með virkt lýðræði þegar ákvarðanir eru teknar í vinnu með börnunum.	Könnun send til starfsmanna í gegnum xx Microsoft forms	Starfsmenn	Allir voru sammála um að vinna með lýðræði væri í leikskólanum en það vantaði skýrari markmið t.d að rödd barnsins væri,
Hefur efling orðaforða og söngur með börnunum verið áhersluþáttur í starfi með börnunum í vetur.	Könnun send til starfsmanna í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn voru ánægðir með skipulag samverustunda, en fannst vanta skýrara plan varðandi eflingu orðaforða og hver markmiðin væru fyrir hverja önn.
Finnst þér þú fá tækifæri til að sýna frumkvæði í verkefnavinnu inná deild	Könnun send til starfsmanna í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn eru ánægðir með þau tækifæri sem þeir fengu til að sýna frumkvæði og þau verkefni sem þeim var falið en töldu að þeir mættu vera duglegri að sýna frumkvæði að verkefnum. Helsta áskorun deildastjóra er að virkja frumkvæði starfsmanna á markvissan hátt.



Ytra mat.

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunnar Stofnun ársins 2023.

Lýngheimar voru í flokki fyrirtækja með 5-24 starfsmenn. Samkvæmt heildarniðurstöðum voru Lýngheimar í 7 sætið yfir alla Reykjavík með heildarniðurstöður 4,7 af 5 mögulegum sem ég tel mjög góða niðurstöðu.

Stofnun ársins 2023. Niðurstöður. 4.7	Heildastig fyrir hvern þátt.
Stjórnun	4,95
Starfsandi	4,89
Launakjör	3,69
Vinnuskilyrði	4,63
Sveigjanleiki	4,64
Sjálfstæði í starfi	4,93
Ánægja og stolt	4,92
Jafnrétti	4,96
Ímynd stofnunar	4,98




Hvað var metið? Nokkur atriði út frá könnun Stofnun ársins	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats .
Sveigjanleiki í vinnu og vinnuskilyrði á vinnustaðnum	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn voru mjög ánægðir með vinnuskilyrði og sveigjanleika. Þeim fannst reynt að koma á mótis við þá eins og hægt væri innan ramma leikskólans.
Loftgæði	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn töldu að bæta mætti loftgæði innan skólans, þá helst með því að opna meira glugga skólans.
Hljóðvist	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum Microsoft forms	Starfsmenn	Hljóðvist er ekki góð þar sem margir eru í sama ríminu. Finna lausnir að fækka þeim stundum. Skipta hópnum eins mikið og hægt er. Bæta þarf hljóðdempun í loftir leikskólans, þetta átti að vera búið að laga, verkefnið er að reka á eftir framkvæmdum.
Lýsing	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn voru ánægðir með lýsingu og birtu.
Tölvu og tækjabúnaður	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn voru ánægðir með búnað leikskólans. Halda áfram að sækja um endurnýjum tækjabúnaðar.
Matar og kaffiaðstaða.	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmenn voru ánægðir með kaffi aðstöðu skólans, kaffistofa mætti vera stærr en aðstaðan hugguleg og aðlaðandi. Höldum áfram að hafa hana þannig. Umgeni helsta áskorunin.
Vinnu og skrifstofurými	Spurningar lagðar fyrir starfsmenn í gegnum forritið Microsoft forms	Starfsmenn	Starfsmönnum fannst aðstaða í vinnuherbergi góð. Stundum margir að vinna þar í einu. Keyptir hafa verið heyrnatól sem blokka umhverfishljóð og sett upp skilrúm mill tölvuborða svo næði til að vinna verði meira.



Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Umbótaþáttur / matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnun deildastjóra	Að deildarstjórar vinni með niðurstöður innra mats varðandi stjórnun með sýnum starfsmönnum.	Að stjórnun sé skír og faglegar kröfur til starfsmanna séu skýrar. Markmið og leiðir.	Stjórnendur deildastjóra	Strax		Rýnihópur, könnun meðal starfsmanna. Í lok hverrar annar.	Að niðurstöður könnunar og rýnihóps sýni að breyting hefur orðið..
Uppeldis- og menntastarf							
Nuture	Innleiða og aðlaga Nuture að stefnu og starfi leikskólans.	Námskeið, innleiðingar teymi, vinna MMS, máta okkur við 6 gildi Nuture	Stjórnendur, innleiðingarteymi deildastjóra.	Hófst apríl 2024	Þegar Nuture hugsun, vinnubrögð hafa fest sig í sessi í daglegu starfi leikskólans.	Könnun, rýnihópur kennara, foreldra og barna. Gagnasöfnun.	Vellíðan barnanna í leikskólanum að kennarar og foreldrar skynji /sjái bæta líðan barna.
Mannauður/Leikskólabragur							
Kennsluhættir	Að skólinn aðlagi kennsluhætti að Nuture og kennarar sé með og í kennslu með börnunum þann tíma sem þau eru í leikskólanum.	Stjórnendur og kennarar setji niður skýr markmið og leiðir með kennslu barnanna. Þegar þú ert ráðinn til kennslu á Lyngheimum þekkir kennarinn þau markmið, leiðir og kennsluhætti og þær kröfur sem gerðar eru til allra kennara	Stjórnendur og deildastjóra	Vinnu markmiða og leiða lokið fyrir haustið og byrjað að vinna eftir þeim sept 2024	Aldrei lokið en í stöðugri endurskoðun og þróun.	Könnun, rýnihópar, sýnileiki í starfi með börnunum.	Að sýnilegt sé að kennarar vinni eftir kennsluháttum sem þeir réðu sig til. Börn, foreldrar kennarar sjái framfari hjá sínu barni.

		Starfsmanna leikskólans.					
Innra mat							
Útikennslusvæði	Að gera útikennslusvæðið aðlaðandi og ögrandi og spennandi sem svæði til kennslu. Að festa útikennslusvæðið í menningu leikskólans.	Að hugmyndir og kennslugögn séu aðgengilegri, markmið og leiðri skírari.	Stjórnendur / deildastjórar.	Vinna er byrjuð og mun halda áfram þar til markmiðum er náð.	Innleiðing lokið vor 2025.	Mat á kennslu á svæðinu um hver mánaðarmót. Deildastjórar sjá um matið.	Að nýting svæðisins og kennsla á svæðinu sé komin inn í skipulagið.
Markmið og leiðir í faglegu starfi.	Að gera markmið og leiðir verði markvissar og skýrari út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar. Að vinna með þætti menntastefnunnar, markmið, leiðri og hvert deildinn stefnir sé skýr.	Að starfsmenn leikskólans vinni markmið og leiðir fyrir hvern námsþátt. Fyrir hverja önn.	Stjórnendur / deildastjórar.	Ágúst 2024 og Jan 2025		Rýnihópur, könnun sem börn, starfsmenn og foreldrar taka þátt í.	Að sýnilegt sé að vinnan skilaði sér til barnanna og starfsmanna. Miður staða könnunar sé góð.



Innra mat deilda

Innra mat á Knútskoti veturinn 2023-2024

Hvað var metið: Skráning

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Hvert og eitt barn á fullkláraðar ferilmöppu með myndum af sér og skráningu af því helsta sem það er búið að gera í leikskólanum yfir veturinn. Vikufréttir voru sendar heim til foreldra á föstudögum með myndum og skráningu með því helsta sem var gert yfir vikuna. Allt starfsfólk var mjög meðvitað um að taka myndir af vinnunni sem unnið var hverju sinni.

Umbætur: Halda áfram að senda vikufréttir heim til foreldra eftir vikuna. Halda betur utan um myndirnar þannig að það sé þægilegra að finna þær þegar unnið er í ferilmöppu barnanna.



Hvað var metið: Læsi

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Byrjað var að hafa stuttar samverustundir og mikið sungið, í fyrstu var lögð áhersla á að syngja lög með hreyfingum. Samverustundir voru lengda smátt og smátt og lagt var inn sögupokar og sagðar sögur út frá þeim.

Börnunum var skipt í litla hópa fyrir Lubba-stundir. Ritmálið var sýnilegt inni á deildum og skúffur merktar. Starfsfólkið var meðvitað um að leggja orð á athafnir og því sem var verið að gera hverju sinni.

Umbætur: Hafa samverustundirnar markvissari. Bæta inn fleiri spilastundum.

Hvað var metið: Sjálfsefning

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Að þau verði sjálfstæðari einstaklingar. Að börnin æfa sig í að verða snyrtileg og sitja kyrr við matarborðið. Æfa sig að borða sjálf og nota hnífapör, sleppa smá saman að nota smekk og drekka úr venjulegu glasi. Kenna þeim mikilvægi handþvotts, bretta ermar, fá sápu í lófann og skrúfa fyrir og frá krananum. Börnin eru hvött til að hætta með bleiu og prófa að setjast á klósettið eða koppinn. Hvetja þau til að æfa sig að klæða sig sjálf í og úr útifötum og einnig þegar þau eru að fara á klósettið, toga upp nærbuxur og buxurnar eftir salernisferðir.

Umbætur: Að auka getur þeirra til að klæða sig sjálf í útifötin og taka jafnvel fötin inn á deild þannig að þau fá meira næði og tíma til að gera sjálf.

Hvað var metið: Félagfærni

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: Starfsfólk deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Til að efla félagfærni var unnið með vináttuverkefnið Blæ og börnin hvött til að nota Blæ. Átti hann sinn stað í veggteppi sem hengt var á vegginn og var aðgengilegur fyrir börnin.

Vináttubönd voru byrjuð að myndast, þau læra að skiptast á, deila leikföngum og læra að bíða eftir að röðin komi að þeim. Börnin hvött til að nota orðin sín.

Umbætur: Að vinna meira með Blæ og hvernig hægt er að flétta það betur inn í starfið.

Hvað var metið: Heilbrigði

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Í jóga var lögð áhersla á að börnin lærðu mikilvægi þess að geta slakað á. Hlusta á rólega tónlist, teygja og fara í núvitund.

Börnin fengu gott tækifæri til að hreyfa sig bæði inni og úti. Skipulagðar hreyfistundir voru einu sinni í viku þar sem unnið var með snerpu og úthald. Farið var í nokkrar gönguferðir í nærumhverfi leikskólans.

Umbætur: Finna betri tíma í daglega starfinu fyrir jóga-stundir. Grípa oftar tækifærið fyrir gönguferðir þegar allir eru komnir í útiveru.

Hvað var metið: Sköpun

Hvenær: veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum

Hverjir tóku þátt í matinu: starfsfólk deildarinnar

Helstu niðurstöður: Unnið var með sköpun og skynjun, liti og litablöndun. Í fyrstu var aðalega notaðir grunnlitir í myndsköpun. Börnin fengu tækifæri til að skapa frjálst og notuð hin ýmsu áhöld, málað með fingrunum, penslum, stimplum o.fl. Í öllu starfi var verið að vinna með liti og starfsfólk meðvitað um að hafa orð á hvaða litir verið var að vinna með hverju sinni.

Í apríl voru haldnar litavikur og voru þær settar inn í daglegt starf deildar.

Í upphafi haustannar gerðu börnin handafar sem sýndi hvenær það hóf sína skólagöngu á Lyngheimum.


Börning teiknuðu mynd af sér „Ég sjálfur“ á þessum aldri einkennast teikninga barnana af höfuðfættu.

Og er það fyrsta „ég sjálfur“ myndin sem barnið teiknar, er síðan fylgst með þróun barnsins í teikningu allt frá því barnið byrjar og þangað til það fer í grunnskóla.

Börnin fá að kynna hinum ýmsu efnivið í sköpun. Getur það verið bæði á blaði, upplifun í gegnum skynfærin t.d. leika með slím, sulla, leika með hrísgrjón, fingramála með raksápu, kartöflumjöli eða næringu. Leika með „moon-sand“. Verðlausan efnivið.


Umbætur: Finna fleiri leiðir til að vinna með verðlausan efnivið á sem fjölbreyttasta máta.

Hanna Dís Guðjónsdóttir, deildarstjóri á Knútskoti.



Knútskot umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Umbóta þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Viðmið um árangur
Félags-færni	Læra samskipti og vera hluti af heild, Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær,	Að börnin öðlist hæfni til að eiga góð samskipti við aðra. Að börnin öðlist færni í að vinna saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Börnin fá afhentan Blæ þegar þau byrja í leikskólanum.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar	Haut 2024	Vor 2025	Deildarfundir	Börnin öðlast færni í að bera virðingu fyrir hvort öðru. Nota orð sín meira yfir daglega athafnir. Í lok vetrar hafi börnin tengst vináttuböndum og lært að treysta hvert öðru. Börnin sæki meira í Blæ og læra að ná sér í hann þegar þeim vantar huggunn.
Læsi	Að efla hlustun, orðaforða. Áhersla á söng og lestur	Ritmálið er sýnilegt á deildinni. Umhverfibarnanna styðji við máltöku og málþroska. Lestur bóka, þulur, Lubba-stundir, söng- og les stundir.	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Haut 2024	Vor 2025	Deildar-fundir	Börnin hafi aðgengi að bókum og þeim kennt strax að bera virðingu fyrir þeim. Byrja með styttri samverustundir, sungið með áherslu á hreyfi söngva. Stundin smá lengd og byrjað á lestri bóka þegar líður á veturinn. Sögupokar og loðtöflusögur notað með áherslu á talað mál. Börnunum skipt í minni hópa fyrir Lubba-stundir
Sjálfbærni/ sjálfsefning	Að verða snyrtileg og sitja kyrr við matarborðið. Æfa sig að hætta með bleiu Mikilvægi handþvottar, sig að klæða sig sjálf í og úr.	Matmálstímum Salerni Fataklefa	Deildarstjóri og aðrir starfsmenn deildarinnar.	Haut 2024	Vor 2025	Deildarfundir	Að börnin verði sjálfstæðari einstaklingar. Að börnin æfa sig að borða sjálf með hnifapörum, sleppa smekk. Kenna þeim að þvo hendur, fá sápu í lófann. Hvött til að setjast á klósettið eða koppinn. Í fataklefanum fá þau tækifæri til að gera sjálf.



Innra mat á Guddumóa veturinn 2023/2024

Hvað var metið: Læsi/ Lubba verkefni

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum, í samtali við verkefna leiðbenanda

Hverjir tóku þátt? Starfsfólk deildar.

Helstu niðurstöður: Verkefnið Lubbi finnur málbein gekk vel. Börnin voru mjög áhugasöm og tóku virkan þá í Lubba stundum.

Umbætur: Setja niður fasta tíma fyrri stundir með Lubba, nota þann efnivið sem fylgir Lubbi finnur málbein meira í samveru og sögustundum.

Hvað var metið: Sjálfsfelling/Þjóna verkefni.

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum, í samtali við börnin og í samtölum við foreldra.

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, börnin.

Helstu niðurstöður: Á hverjum degi er valinn einn þjónn úr hópi barnana og gekk það mjög vel. Fyrir áramót skiptust börnin á að aðstoða kennarann við að leggja á borð, en eftir áramót aðstoðaði kennarinn þjóninn dagsins við að leggja á borð.

Markmið verkefnis var: Að efla sjálfstæði, að gefa 10 (sýna barninu athygli), efla málþroska og stærðfræðilega hugsunum.

Umbætur: Að halda áfram með verkefnið þar sem það gekk mjög vel.

Hvað var metið: Félagsfærni/Friðarsáttmáli

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum, í samtali við börnum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, börn

Helstu niðurstöður: Verkefni fór hægt af stað og var lengi í þróun. Markmið okkar var að búa til friðarsáttmála með börnum. Vegna ungs aldurs þurftu börnin langan undirbúning. Börnin teiknuðu myndir sem tákni um friðarsáttmála og skrifuðum við undir með handafari.

Umbætur: Byrja strax eftir sumarfrí, nota friðarsáttmálann með börnunum.

Iwona Krystna Bergiel deildarstjóri á Guddumóa.



Guddumói umbótaráætlun fyrir skólaárið 2024-2025

Umbótaþáttur/ Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsþing	Að þekja og skilja tilfinningar sínar Að efla sjálfsþekkingu og sjálfstjórn Að öðlast trú á eigin getu. Að efla lýðræði einstaklings.	Vinna með efni sem kennir barninu að þekka tilfinningar Tilfinningar í forgrunni Að umhverfið styðji við framfarir (í sjálfsþekkingu og sjálfstæði) Vinna með verkefni sem styður sjálfsþekkingu og sjálfstraust. Vinna með verkefni úr Barnasáttmálanum.	Allir starfsmenn	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Stöðugt í vinnslu	Deildafundir	Að barn skili og geti nefnt tilfinningar sínar. Að barn þekkir leiðir og geti tjáð neikvæðar tilfinningar á réttan hátt. Að barn efla sjálftraust og hugreki til að tjá sig, að prófa ný verkefni, að læra nýja færni. Að barn þekki réttindi sín. Að allir starfsmenn vinni að grundvallar forsendum Barnasáttmálans.
Félagsfærni	Að eiga árangursrík samskipti við aðra. Að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Að efla lýðræði hóps.	Unnið í samveru, í leik, útinámi og í göngutúrum með börnunum um hvernig við umgöngumst hvort annað með virðingu. Kynna börnunum fyrir Blæ vináttu verkefninu. Vinna að þematengdum verkefnum sem byggja á samvinnu.	Allir starfsmenn	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Stöðugt í vinnslu	Deildafundir	Að börn eigi auðveldara með að tjá sig við hvert annað. Að börn sýni virðingu fyrir hvert öðru. Að börn geta komist að samkomulagi. Að börnin vita að rödd þeirra er mikilvæg.

Sköpun	Að vekja og þróa forvitni barna, sköpunargáfu og gagnrýna hugsun. Að efla og veita þekkingu, frumkvæði og leikni til barnanna. Að auka myndlist í náttúrunni	Unnið í myndlist hjá myndlista kennara og inn á deild og í útikennslu. Undirbúa umhverfi (á deildinni) sem styður við sköpun í frjáls leiknum (aðgang í opinn efniviður)	Allir starfsmenn og myndlist kennari.	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Til sumarlökun	Deildafundur. Örfundur með myndlist kennara.	Að börnin hafa áhuga í sköpun, að vera forvitin, hugmyndarík og skapandi. Að í lok tímabils séu börnin með aukna færni í litum og blöndun lita, hafa kynnist formum og stærðum og fjölbreytt efni. Að börnin hafa gaman að fönðra með náttúrunnar efni og að endur nýta.
--------	--	--	---------------------------------------	------------------------------------	----------------	--	--



Innra mat á Fjósaklettur 2023 - 2024

Hvað var metið: Sjálfs hjálp / félagsfærni.

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum var rætt um hvernig hafi gengið og hvort gera þurfi breytingar, stórar eða litlar.

Hverjir tóku þátt? Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar og sékennslustjóri.

Helstu niðurstöður: Við gáfum okkur tíma til áramóta til að ná tökum á frágangi eftir hádegismat þ.e.a.s. að ganga frá diskum og glösum, sá tímarammi náðist.

Einnig var markmið okkar að börnin gætu sjálf klætt sig í öll útiföt áður en þau flyttust yfir á næstu deild, þessum markmiðum náðu öll börnin. Við náðum líka góðum árangri í vinnu með aga stefnu Lyngheima, það hjálpaði mikið til þegar kom að félagslegum samskiptum barnanna inni á deild.

Umbætur: Hafa fáar og skýrar reglur um hegðun og samskipti sem allir starfsmenn eru samtaka um að vinna eftir. Vinna með börnunum í fámennari hópum til að minnka áreiti og nota myndrænt skipulag.

Hvað var metið: Sjálfsþing/velliðan

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum þar sem farið var yfir stöðuna hverju sinni og hún metinn.

Hverjir tóku þátt: Deildarstjóri, Starfsfólk deildar og börn

Helstu niðurstöður: Verkefnið kom vel út. Börnin voru rólegri og við náðum að skapa betra vinnuumhverfi bæði fyrir börnin og okkur starfsfólkið. Árekstrum fækkaði mikið í fataklefanum þegar börnin urðu öruggari með að hjálpa sér sjálf, einnig fjölgaði gæðastundum inni á deild. Markmiðið var að börnin næðu tökum á að gera allt sjálf bæði í fataklefanum og við matarborðið og að fá meiri ró og betra úthaldi í leik inni á deildinni. Það gekk vel hjá börnunum og munum við halda áfram með þessi verkefni.

Umbætur: Samræma verkferla t.d. hvernig við gefum fyrirmæli og við leggjum áherslu á að allir noti sama vinnulag með börnunum. Við höfum sömu reglur við öll matarborðin og eins þegar við þurfum að grípa inn í erfið samskipti í barnahópnum.

Hvað var metið. Félagsfærni/ Sjálfshjálp / vellíðan

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið? Á deildarfundum, í samtali við börnum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, börn

Helstu niður stöður: Börnin náðu góðum tökum á að vinna/leika saman í hóp, árekstrum milli þeirra fækkaði mikið og allir fengu fleiri ánægjustundir fyrir vikið. Það að geta klætt sig sjálf og hjálpað sér sjálf við matarborðið jók sjálfstraust hjá börnunum og þau urðu öruggari með sig.

Börnin unnu mörg verkefni yfir veturinn í stórum og litlum hópum sem efldi þau í samvinnu. Markmiðið var að þau gætu unnið saman og að öllum liði vel og ættu góða vini innan hópsins og að þau gætu bjargað sér sem mest sjálf við daglegar athafnir.

Umbætur: Festa þau verkefni sem við unnum inn í vetrardagskrána okkar, finna fasta tíma fyrir þau og skipuleggja vel hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra.



Ragnhildur Rögnvaldsdóttir deildastjóri á Fjósaklettum.



Umbótaáætlun á Fjósaklettur 2024-2025

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATSPÁ TTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsfli ng/ Valdeflin g	Að auka sjálfstæði og sjálfmynd barna. Að efla lýðræðislega hugsun. Að börn geti sett sig í spor annarra. Æfa gönguferðir Gönguferð með ábyrgð. Efla sjálfbærni/læra gera sjálf	Unnið verður samfellt inn á deild og í samverustundum, útkennslu, göngutúrum, ferðum og þegar tækifæri gefast við vissum aðstæðum. Unnið verður að verkefnum þar sem eru gönguferðir með ábyrgð: safna efnivið í verkefni, fara á bókasafn. Unnið verður í samvinnuverkefni um í bæði stórum og smáum hópum	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	31. maí 2025	Metið hverju sinni á deildafundum aðra hverja viku með endurmati og hvort gera þurfi breytingar. Metið með myndum og skráningum.	Að barn beri virðingu fyrir sér og öðrum. Jákvæð og góð samskipti við aðra. Tilfinningalegt læsi. Að rödd allra skiptir máli. Að efling til þrautalausnar og seiglu hjá börnum hafi aukist. Að lýðræðisleg hugsun sé ríkjandi Að efla samvinnu og gagnrýna hugsun. Að efling sjálfstæðis og sjálfbærni hafi aukist.
Félagsfæ rmi	Að efla félagslegafærni barna í litlum og stórum hópum. Að vera vinur Að efla samvinnu Að vera samfélagslega virkur	Með félagsfærni sögum og samverustundum. Með Blæ vináttu verkefninu Unnið í litlum og stórum hópum. Flokkun, matarsóun Lýðræðisleg verkefni og fræðsla. Réttindaskóli Unicef	Deildarstjóri, verkefnastjóri listarsmiðjun nar og starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	31. maí 2025	Metið hverju sinni á deildafundum aðra hverja viku með endurmati og hvort gera þurfi breytingar. Metið með myndum og skráningum. Með samtölum við börnin.	Að börn geti unnið í litlum og stórum hópum. Að vera vinur vina sinna og bera virðingu fyrir þeim og þeirra skoðunum. Að börnin geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Að börn séu búin að þróa með sér færni að taka tillit til annarra, skiptast á, hjálpast að. Að börnin hafi hugrekki til að deila sínum hugmyndum. Hlustað á rödd þeirra.





Innra mat á Klappavör 2023/2024

Hvað var metið: Læsi/ skólaferðir

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum, rætt um hvernig hefur gengið og hvort gera þurfi breytingar, stórar eða litlar.

Hverjir tóku þátt: Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar.

Helstu niðurstöður: Á elstu deil er mikið farið í ferðir, bæði í gönguferðir og eins að ferðast með strætisvagni. Voru börnin fljót að læra inn á það hvað við gerum í þeim ferðum og hvað ekki, hvað ber að varast þegar ferðast er með strætisvagni og þeim hættum sem geta fylgt þeim ferðamáta. Smemma var byrjað að fara í ferðir og gekk það mjög vel.

Unnið var úr ferðunum bæði hjá verkefnastjóra listarsmiðju, verkefnastjóra læsis og inn á deild.

Umbætur: Fækka ferðum þar sem starfsfólk mat það svo að þær hefðu verið of margar til að hægt væri að vinna eins vel út hverri ferð og þau hefðu kosið.

Hafa fáar en góðar reglur í ferðum. Taka fleiri einstaklingsmyndir fyrir skráningu.

Hvað var metið: Sjálfsfelling.

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum þar sem starfið var endurmetið.

Hverjir tóku þátt: Deildarstjóri, Starfsfólk deildar og börn

Helstu niðurstöður: Lögð var rík áherslan á að efla getu elstu barnanna í leikskólanum. Markmið með sjálfsfellingu var að börnin yrðu örugg með sig og sína getu í daglegu starfi. Að þau lærðu og yrðu örugg með að klæða sig sjálf fyrir útiveru, í matartíma gætu þau skammtað sér sjálf, væru fær um að nota hnýfapör og kynnu helstu reglur í matartíma.

Lærðu að leysa sjálf úr árekstrum sem upp koma í leik og starfi.

Yfir heildinna gekk þessi þáttur starfsins mjög vel.

Teljum við að þau séu eins vel undirbúin og kostur er fyrir komandi grunnskólagöngu.

Umbætur: Samræma verkferla innan starfsmannhópsins. Að allir gefi sömu fyrirmæli og sömu reglur eru í gildi hjá öllu starfsfólki.

Hvað var metið: Félagsfærni/ Samvinna / vinátta.

Hvenær: Veturinn 2023-2024

Hvernig var metið: Á deildarfundum, í samtali við börnum

Hverjir tóku þátt: Starfsfólk deildar, börn

Helstu niðurstöður: Börnin lærðu að vinna saman í hóp og virða skoðanir annarra. Að rödd þeirra skiptir máli og það eru ekki alltaf allir sammál. Markmiðið var að í lok skólaársins gæti hópurinn unnið saman í litlum og stórum hópum, rætt verkefnið, hlustað á skoðanir annara og fundið lausnir saman. Markmiðin náðust.

Útskriftarverkefni sýndi hvað börnin höfðu lært mikið yfir veturinn.

Blær vináttu verkefnið var notað mikið til að ræða um vináttu, virðingu hvort fyrir öðru og fjölbreytileikann. Sjálfstyrkingar æfingar þar sem börnin unnu í litlum hópum.

Umbætur: Að setja verkefnið inn í mánðarplan deildar svo þau verði sýnilegrí fyrir allt starfsfólk deildarinnar.

Ingibjörg Bjartmars deildarstjóri á Klappavör.



Klappavör umbótaáætlun veturinn 2024-2025


Matsþáttur/ umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir	Víðmið um árangur
Sjálfsþing/Valdeþing	Að auka sjálfstæði og sjálfmynd barna. Að virða sjálfan sig og aðra. Að efla lýðræðislega hugsun. Að börn geti sett sig í spor annarra. Að æfa göngur og strætóferðir. Gönguferð með ábyrgð. Efla sjálfbærni/ læra gera sjálf	Unnið verður samfellt inn á deild og í samverustundum, útíkennslu, göngutúrum, ferðum og þegar tækifæri gefast við vissum aðstæðum. Að unnið verði að verkefnum þar sem eru gönguferðir með ábyrgð, fara í safnferðir með strætó, bókasafnsferðir. Að vinna samvinnuverkefnum	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	31. maí 2025	Metið hverju sinni á deildarfundum aðra hverja viku með endurmati og hvort gera þurfi breytingar. Metið með myndum og skráningum.	Að barn beri virðingu fyrir sér og öðrum. Jákvæð og góð samskipti við aðra. Tilfinningalegt læsi. Að þeirra rödd skipta máli. Að efling til þrautalausnar og seiglu hjá börnum hafi aukist. Að lýðræðisleg hugsun sé ríkjandi

		í bæði stórum og smáum hópum					Að efla samvinnu og gagnrýna hugsun. Að efling sjálfstæðis og sjálfbærni hafi aukist.
Félagsfærni	Að efla félagslegafærni barna í litlum og stórum hópum, milli sín og í samfélaginu. Að vera vinur Að efla samvinnu Að vera samfélagslega virkur	Með félagsfærni sögum og samverustund Með Blæ vináttu verkefninu Unnið í litlum og stórum hópum. Flokkun, matarsóun Lýðræðisleg verkefni og fræðsla. Réttindaskóli Unicef	Deildarstjóri, verkefnastjóri listarsmiðjunnaryfir skólaárið og starfsmenn deildarinnar.	Unnið jafnt og þétt fyrir skólaárið	31. maí 2025	Metið hverju sinni á deildafundum aðra hverja viku með endurmati og hvort gera þurfi breytingar. Metið með myndum og skráningum. Með samtölum við börnin.	Að börn geti unnið í litlum og stórum hópum. Að vera vinur sína og bera virðingu fyrir þeim og þeirra skoðunum. Að börnin geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu. Að börnin taki tillit til annarra og kunnist að skiptist á. Að börnin hafi hugrekki til að deila sínum hugmyndum. Að rödd þeirra skipti máli og þau noti hana og segi sínar skoðanir.



Greinagerð Listasmiðju.

Í listasmiðju er mikið lagt upp úr frjálsri og fjölbreyttri sköpun þar sem allir grunnþættirnir fléttast inn í starfið. Þar er lögð áhersla á að efniviðurinn sé fjölbreyttur og skapandi, að verkefni séu spennandi,



áhugaverð, ögrandi og umfram allt skemmtileg. Hver deild á einn dag í viku. Hugmyndir af verkefnum koma bæði frá kennurum og börnum. Verkefnin taka eina kennslustund upp í nokkrar vikur. Auk allra verkefnanna sem hver deild vann þá unnu allar deildir verkefni í tengslum við jól, páska, öskudag, bangsadag, þorrann og góuna. Einnig tók listasmiðja þátt í Náttúrsmiðju sem var í tengslum við Dag íslenskrar náttúru og Vísindaviku þar sem unnið var með ýmsar tilraunir sem tengjast litum og listum. Að auki eru alltaf tímar inn á milli þar sem börnin ráða ferðinni, hvað er gert og með hvaða efnivið.



Sköpun: Fjölbreytt úrval af efnivið og verkefnum. Eflum fínhyfingar og skinfæri. Vinnum mikið með skapandi efnivið og örvum skapandi hugsun og fagurfræði.

Læsi: Aukum orðaforða og málskilning með umræðum, sögum og verkefnum. Eflum læsi á samfélagið, umhverfið og náttúruna

Félagsfærni: Lærum að vinna saman í stórum og litlum hópum, hlustum á hvert annað og lærum að virða skoðanir annarra. Aðstoðum hvert annað, finnum sameiginlega lausn.

Sjálfsþing: Hvetjum til skapandi hugsunar, hrósum og hvetjum þau áfram til að þau öðlist trú á eigin getu. Styrkjum og eflum þeirra sjálfsmynd.

Umhverfismennt: Allar deildir vinna a.m.k. eitt verkefni á önn sem tengist umhverfismennt.



Málað á trönur



Unnið með skapandi efnivið



Klippa leir



Frjáls málung

Guddumói: Samstarf við Guddumóa gekk mjög vel. Þar var lögð áhersla á gleði og gaman og að kynna bæði kennara og listasmiðju, ásamt því að prófa fjölbreytt úrval af verkefnum og efnivið. Rauði þráðurinn var „Ég sjálfur og líkaminn minn“ og unnum við fjölbreytt verkefni í tengslum við það ásamt þeim verkefnum sem nefnd voru hér að ofan. Veturinn gekk mjög vel og öll börn glöð og áhugasöm í tíma.



Vísindavika og tilraunir



Þræða og líma



Málað með rúllum og stimplum



Teikning



Vatnslitir og túss



Frjáls málung



Náttúrusmiðja



Fjósaklettur: Samstarf við Fjósakletta gekk mjög vel. Verkefni sem við unnum voru afar fjölbreytt og efniviðurinn ólíkur. Ásamt þeim verkefnum sem fram komu hér að ofan unnum við verkefni í tengslum við árstíðirnar og náttúruna, ræddum og skoðuðum breytingarnar í umhverfinu á litum og gróðri. Við hönnuðum fjölnota poka, það verkefni tengist Grænfánanum. Við prófuðum að mála á trönur, mála með sköfum og vatnslita, gerðum tilraunir með liti og litablöndum. Unnum með blek, prófuðum að sauma og smíða.

Veturinn gekk mjög vel, samstarfið gekk mjög vel og öll börn glöð og áhugasöm.



Vísindavika



Leikur með skapandi efnivið



Smiðja



Þræða sauma



Klappavör: Á Klappavör var áhersla lögð á flóknari og lengri verkefni sem tengjast mörg læsis verkefnum og vettvangsferðum. Lítið fór fyrir vettvangsferðum þetta árið vegna veikinda og þar með talið verkefni sem tengjast því. Í staðin var farið í styttri en krefjandi og skemmtileg verkefni. Við unnum með ólíkan efnivið í myndverki, teiknuðum og máluðum eftir uppstillingum, fórum í sögugerð, mátuðum, mældum, klipptum og límdum. Unnum með jarðleir, pappamassa og margt fleira. Að auki verkefnanna sem talið var upp hér að ofan unnum við nokkur stór og skemmtileg verkefni tengd Náttúrulæsi og umhverfismennt. Við tókum þátt í Degi íslenskrar tungu og gerðum skemmtileg verkefni í samvinnu við deildina. Eftir áramót tók Klappavör þátt í Barnameningarhátíð sem gekk vel en var lítið áhugaverð að okkar mati þar sem ramminn í kringum verkefnið var afar stífur og lítið sem ekkert svigrúm fyrir alla skapandi hugsun. Stærsta verkefnið okkar eins og alltaf er útskriftarverkefnið. Við byrjuðum að vinna að því strax eftir páska enda útskriftin um miðjan maí þetta árið. Þar var af nógu að taka, brúðugerð, fatasaumur, sögugerð og leikmynd ásamt fleiri verkefnum sem tengjast útskriftinni. Veturinn gekk afar vel og samstarfið mjög gott, og börnin glöð og áhugasöm.



Málað úti



Mælt og klippt



Náttúruvika-umhverfislæsi



Endurvinnsla á pappír



Yfir heildina gekk veturinn afar vel og samstarfið milli deilda og listasmiðju gekk vel. Samstarfsverkefni sem gengu yfir allan leikskólann voru nægilega mörg þennan vetur að mínu mati en finnst að undirbúningurinn og skipulagning mætti vera betri og fá fleiri starfsmenn með í að skoða hugmyndir, markmið og leiðir.

Við unnum mikið og fjölbreytt starf í listasmiðju þar sem sköpunargleðin og fjölbreytileikinn fékk að njóta sín. (Sjá nánari lýsingu í samantekt Listasmiðju 2023-2024)



Málað eftir fyrirmynd



Vísindavika




Unnið með jarðleir



Leikbrúðgerð

Innra mat sérkennslu Mat á sérkennslu 2024-2025

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð? Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópstarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan er skipulögð með þarfir hvers og eins barns. Hvert barn er með sína einstaklingsnámskrá sem unnin er upp úr AEPS listanum og er hún yfirfarinn reglulega og gerðar endurbætur og ný markmið sett. Sérkennsla er bæði þjálfun í vinnuherbergi með sérkennara og þjálfun sem fer fram inni deild. Hvert barn hefur sína möppu sem þjálfun barnsins og framfarir eru skráð. Einnig er miðlæg skráning þar sem Sérkennslustjóri getur einnig sett inn skráningu og upplýsingar sem þarf. Við vinnum með börnin bæði einslega og inni á deild, Höfum við lagt ríka áherslu á að stuðningur fari eins mikið og kostur er inni á deild. Að barnið taki þátt í öllu starfi og er með jafnöldrum í leik og starfi. Allt starfsfólk er meðvitað um þær þarfir sem börnin með stuðning hafa og á allt starfsfólk að geta komið inn í þeirra daglega starf og stuðlað að því að þau geti tekið þátt í öllu námi og starfi sem leikskólinn hefur uppá að bjóða. Í leikskólanum er unnið með TRAS, Haldið er utan um skráningu í þeim tímum á sérstak TRAS skráningar blað og þannig haldið utan um getu þeirra, framfarir og hvað þar að vinna meira með. Tekið er HLJÓM 2 próf á elsta árgangi leikskólans á haustönn, og ef barn kemur illa út er brugðist við því og prófið endurtekið á vorönn. Tekið er málproskaprófið EFI2 á þeim börnum sem uppfylla rétt aldrarsbil samkvæmt EFI2 og ef barn kemur illa út er brugðist við því strax í samráði við talmeinafræðing í austurmiðstöð</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>Við á Lyngheimum notum matsgögnin TRASH, AEPS, HLJÓM2, Orðaskil, EFI2 og orðalistann. Einnig notum við Íslenska þroskalistann og smábarnalistann þegar það á við. Notast er við AEPS listann þegar gerðar eru einstaklings námskrár, og eru þær yfir farnar mjög reglulega eða eins oft og þarf.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við vinnum með skipulagða kennslu og notumst bæði við keypt námsgögn og eins heimatilbúin TEACCH verkefni sem eru unnin út frá hverju og einu barni miðað við það hvað verið er að þjálfra hverju sinni. Erum við búin að koma okkur upp góðum gagnabanka með stuttum hnitmiðuðum verkefnum.</p>



Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Umbótaþáttur/mats þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Víðmið um árangur
Litla teymisfundur innan leikskólans. Hvernig hann á að vinna og hvenær.	Setja niður vinnulag vegna litla teymisfunda sem leikskólinn er með áður en kallaðir eru til sérfræðingar Austurs á fundinn.	Upplýsa deildarstjóra um verkferla ef setja á mál í litlateymið	Leikskólastjóra og sérkennslustjóra.	Er hafið	Um áramótin 2024-2025	Að öll mála hafi farið í gegnum teymið áður en því er vísað á teymisfund með sérfræðingum í Austurmiðstöð, nema ef um bráðamál er að ræða.	Teymið hittist einu sinni mánuði og farið er yfir alla ferla.
Lausnateymisfundir með Austurmiðstöð	Að allir séu meðvitaðir um hvernig ferlið er áður en farið er með þau í lausnateymi í austurmiðstöð.	Að allir verkferlar séu skýrir og auðvelt fyrir alla að vinna eftir þeim.	Leikskólastjórinn og sérkennslustjóri.	Erum þegar byrjuð.	Áætlað að allt ferlið sé orðið skýrt um áramótin 2024-2025.	Gott að meta verkefna einu sinni á önn og skoða hvort það sé að virka eða hvort þörf er á breyta.	Þegar allir eru meðvitaðir um tengilið og starfsvið hans.
Skerpa á starfssviði tengiliðar, hver hann er og hvert hlutverk hans er.	Að tengiliður sé með skýra starfslýsingu á sínu hlutverki sem tengiliður. Að tengiliður sé sýnilegur og allir viti hver sé tengiliður skólans.	Að tengiliður auki þekkingu sína á sínu hlutverki og geti miðlað því til anna hvaða hlutverki tengiliður þjónar.	Leikskólastjóri og sérkennslustjóri.	Er hafið	Áætlað er að um áramótin 2024-2025 sé þetta orðið skýrt.	Gera könnun á því hvort bæði foreldrar og starfsfólk sé meðvitað um hver teymisstjóri Lyngheima sé og hvert hann hlutverk sé.	Fara í sameiningu yfir það hvort markmiði hafi verið náð eða hvort breytinga sé þörf.
Fræðast um hlutverk málstjóra og hvenær á að vís álinu áfram til málstjóra.	Að fá skýrari mynd á hvaða hlutverki málstjóri gegnir.	Að auka þekkingu um málstjóra og þá sérstaklega hvenær tengiliður ákveður að senda mál til málstjóra.	Leikskólastjóri og Sérkennslustjóri	Er byrjað	Að það sé komið um áramótin 2023-2024	Metið með því að athuga hvort vitneskjan sé til staðar hjá starfsfólki og foreldrum.	Fara í sameiningu yfir það hvort markmiði hafi verið náð eða hvort breytinga sé þörf.
Að auka þekkingu á samþættri þjónustu.	Afla okkur betri upplýsingar um hvenær mál eru sett í samþættingu. Hvað þýðir það fyrir barnið og foreldra. Hvernig ferlið er frá því að ákvörðun er tekin og þar til búíð sé að undirrita samþykki fyrir samþættingu.	Að upplýsa foreldra um hvað samþætting er og hvað það þýðir fyrir þjónustu við barnið.	Leikskólastjórinn og sérkennslustjóri.	Þegar byrjuð	Áramót 2023-2024	Að vera vakandi fyrir því hvort foreldrar og annað starfsfólk sé meðvitað um samþætta þjónustu og hvað hún þýðir.	Fara sameiningu yfir það hvort markmiði hafi verið náð eða hvort breytinga sé þörf.

Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn.

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Búið er að ráða sérkennara sem mun sjá um málörvun á leikskólanum með sérstaka áherslu á málörvun og inngilding fjöltyngdra barna. Keyptar hafa verið bækur og leikefni. Keyptur var efniviður til að útbúa verkfæri til að auðvelda samskipti við börnin. Túlkaþjónusta er óspart notuð í samskiptum við foreldra fjöltyngdra barna sem þurfa á því að halda.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Unnið er markviss með grunnorðaforða inn á deildum. Myndrænt skipulag er á deildum. Myndir af daglegum athöfnum og hlutum sem notaðir eru í daglegu lífi. Unnið er með börnin í blönduðum hópum lesið, spilað, myndir skoðaðar og talað saman. Innan skipulagi deilda er gert ráð fyrir að á markvissan hátt að gefa öllum tíma yfir daginn.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Samverustundir eru 3 yfir daginn þar er lesið, sungið og talað saman. Börnunum er líka skipt í blandaða hópa þar sem lesið er, skoðaðar myndir og spilað. Eru verkefni miðuð við þau börn sem eru í hópnum. Þau börn sem erfiðara eiga með að tileinka sér íslenskuna fá tíma ein með kennara þar sem unnið er með orðaforða og skilning barnanna. Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun. Við gerð einstaklingsnámskrár er hugað að öllu</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfnirammur í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Notum viðmið um stöðu orðaforða og skilnings barnanna inná fölmenningarvef Reykjavíkurborgar. Orðaskil, sérkennslustjóri metur stöðuna barnanna ásamt deildarstjóra varðandi framfarir barnanna. Byrjuð er vinna við gerð einstaklingsnámskrár fyrir hvert barn svo hægt sé að halda betur utan um stöðu og framfarir barnanna. Í haust ætlum við að líka að nota hæfnisrammann við mat á færni barna í íslensku. Kennarar byrjuðu að nýta sér Hæfnisramman síðasta haust en telja sig þurfa anna námskeið eða betri leiðsögn varðandi notkun hans. Við fengum kynningu í gegnum teamse meðan covid geisaði en okkur vantar eftirfylgni. Það stendur til bóta næsta skólaár.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Á Lyngheimum er markvist unnið með Læsisstefnu leikskólans. Öll verkefni sem unnin eru stuðla að því að efla börnin í öllum námsþáttum og mikil áhersla lögð á að allir taki þátt og eigi rödd. Unnið er með ný orð sem tengd verkefninu sem unnið er að, að börnin vinni í hóp og finni lausnir sjálf. Samvina og leita lausna eflir þau félagslega, hvetur þau áfram styrkir sjálfsmýnd þeirra og áhuga á verkefninu.</p>



Umbótaáætlun fjölkynngi 2024-2025.

Umbótaþáttur/mats þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fótaka foreldra fjöltygdra barna í leikskólann	Gera gátlista varðandi þá þættir sem eru mikilvægir varðandi móttöku erlendra barna	Vinna eftir gátlista þegar tekið er á móti fjöltyngdu barni í skólann	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri Deildarstjórar	Hefst vor 2024	Lokið vor 2024	Endurmetið jan 2025. Spurningar, umræður. Kennarar, börn, foreldrar.	Líðan barnanna. Skilvirkari vinna og auðveldara að skipuleggja móttöku.
Mótaka fjöltygndra barna í leikskólann.	Gera gátlista varðandi móttöku erlendra foreldra, að upplýsingar komist vel til skila til foreldra.	Vinna eftir gátlista, nýta túlkaþjónustu betur og skilvirkar.	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri, Deildarstjóri.	Hefst vor 2024	Lokið vor 2024	Endurmetið jan 2025. Spurningar umræður. Kennarar, foreldrar.	Líðan foreldra Að þeir telji sig fá nægar upplýsingar frá skólanum.
Inngilding fjöltygdra barna barnahópin og foreldra til þátttöku í viðburðum leikskólans.	Að fylgja eftir upplýsingum til erlendra foreldra svo viðburðir fari ekki fram hjá þeim.	Að efla þátttöku/inngildinu erlendra foreldra í skólastarfið.	Leikskólastjóri, Aðstoðarleikskólastjóri, Deildarstjóri.	Hefst 2024	Aldrei lokið	Endurmetið jan 2025. Spurningar umræður. Kennarar, foreldrar.	Að inngilding erlendra foreldra hafi raungerst og foreldrar séu ánægðir með sína þátttöku.

Starfspróunarsamtöl og fræðsla.

Lýngheimar eru ein af þeim leikskólum borgarinnna sem valin var til þátttöku í tilraunaverkefninu Nurture/ Atlæti. Nurture/Atlæti verkefnið á að tryggja farsæld ALLRA BARNA með því að hlusta, horfa og bregðast við.

Skipulagsdagar á haustönn eru þrír.

Fyrsti skipulagsdagur er 23. ágúst ½ dagur eh, verður hann notaður til að skipuleggja vetrarstarfið og hrista hópinn saman.

Annar skipulagsdagur er föstudaginn 27. september er skipulagsdagur sem helgaður verður innleiðingu Nurture/ Atlæti . Haldið verður námskeið fyrir alla starfsmenn leikskólans ásamt leik og grunnskóla Rimahverfis um verkefnið Nurture/ Atlæti .

Þriðji skipulagsdagurinn verður föstudaginn 22. Nóvember, dagurinn verður notaður í endurmat haustannar og jólafagnað.

Skipulagsdagar á vorönn eru þrír.

Fyrsti skipulagsdagur á vorönn verður mánudaginn 6. janúar ½ dagur, hann verður notaður til að skipuleggja vorönn. Í tilefni af Degi leikskóland verður skipulagsdagur fimmtudaginn 6. febrúar, farið verður á ráðstefnu tengdri Degi leikskólans.

Í lok apríl 23 og 25 verða teknir tveir samliggjandi skipulagsdagar ef leyfi fæst. Starfmannahópurinn Lýngheima stefnir á að fara í náms og kynnisferð til Glasgow. Ætlunin er að fá frekari fræðslu um Nurture / atlæti og heimsækja Nurture skóla.



Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf leik, grunnskóla og frístundamiðstöðva er unnin í samstarfi við Rimaskóla. Undanfarinn ár hefur áætlunin verið send út að hausti. Foreldrar elstu barnanna í leikskólanum fá þessa áætlun senda með tölvupósti í byrjun haustanna. Samstarfið hefur verið í föstum skorðum og gengur vel. Markmið samstarfs er að efla samskipti og samvinnu þessara tveggja skólastiga og auðvelda þannig aðlögun nemenda af leikskólastigi yfir á grunnskólastigs. Að draga úr kvíða leikskólanemenda sem oft fylgir því að hefja skólagöngu.

Elsti ágangur heimsækir Rimaskóla		Fundir	Heimsóknir nemenda í 1 og 7 bekkjar
Bókasafnið: Sögustund á bókasafni Rimaskóla.		Að vori funda kennarar Rimaskóla og kennarar Lyngheima og fara yfir barnahópin sem þarf að skila sérstaklega.	Fyrsti bekkur Rimaskóla heimsækir Lyngheima og rifjar upp gamlar minningar
Íþróttir. Börnin mæta 2 á vetri í íþróttatíma,	Heimsókn í 1 bekk. Stafainnlögn, nesti þorðað með 1. bekk Rimaskóla.	Að hausti funda skólastjórnendur leik og grunnskóla varðandi samstarf og skóla heimsóknir	Á degi íslenskrar kemur 7. bekkur Rimaskóla í heimsókn á Lyngheima lesa/syngja fyrir börnin.
Elsti árgangur mætir í danstíma.	Skoðunarferð um Rimaskóla. Skólastjóri Rimaskóla tekur á móti hópnun og sýnir þeim skólann.		

Foreldrasamvinna.

Í foreldrafélagi Lyngheima sitja tveir fulltrúar frá hverri deild leikskólans. Á haustfundi fyrir foreldra leikskólans eru kosnir nýir fulltrúar í foreldrafélagið í stað þeirra sem ekki gefa kost á sér áfram til starfa fyrir foreldrafélagið eða eru að hætta með barnið sitt á leikskólanum. Fyrsti fundur er boðaður í byrjun október á þeim fundi er skipað í stöðu formanns, ritara og gjaldkera. Foreldrafélagið fundar eftir þörfum, en fastir fundir eru þrír, haustfundur, jólafundur og vorfundur.

Foreldrafélagið stendur fyrir föstum viðburðum yfir árið, vorferð, sumarhátíð og piparkökudegi fyrir jólin. Foreldrafélagið hefur líka gefið okkur leiksýningar og afmælisgjafir.



Á síðasta skólaári settum við af stað samstarfsverkefni heimilis og skóla „ Dósaflípar geta átt framhaldslíf“ Börnin fengu fræðslu um flipasöfnum áður en verkefnið fór af stað, börnin og foreldrar hafa verið dugleg að safna flípum og koma með í skólann. Við söfnum þeim saman og sendum þá erlendis þar sem búnir eru til gervilímur úr þeim fyrri þá sem hafa misst útlím í fátækari ríkjum heimsins. Verkefnið gengur vel og mikið af flípum hefur safnast sem við höfum skilað af okkur. Leikskólinn býður foreldrum 2-3 ári í alls konar kaffi, einnig er opið hús á vorin, þá er öllum boðið á uppskeruhátíð leikskólans, sýningu á verkefnum barnanna, kaffi og með því.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Föstudagurinn 23. ágúst 2024 ½ dagur eftir hádegi

Föstudagurinn 27. september 2024

Föstudagurinn 22. nóvember 2024

Mánudagurinn 6. janúar ½ dagur fyrir hádegi

Fimmtudagurinn 6. febrúar 2025

Miðvikudagurinn 23. apríl 2025

Föstudagurinn 25. apríl 2025

Fylgiskjöl.

Umsögn foreldraráðs

Leikskóladagatal skólaárið 2024-2025

Kristín Helgadóttir leikskólastjóri Lyngheima.



Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Lyngheima skólaárið 2024-2025

Foreldraráð skipa:

Dagmar Ólafsdóttir

Pétur Freyr Sigurjónsson

Sara Jasonardóttir

Starfið á Lyngheimum ber þess merki að þar starfar samheldinn hópur starfsmanna, samstarf milli deilda er gott, starfsmannavelta er lítil og hefur leikskólinn ekki þurft að grípa til styttingar á vistunartíma barna eins og víða hefur þurft að gera.

Það sem einkennir enn fremur starfið á Lyngheimum er virðing, jákvæð samskipti og metnaður fyrir vellíðan og farsæld hvers barns sem hann sækir. Þörfum barnanna er mætt af kostgæfni og þau hvött til þess að hugsa sjálfstætt og finna sinn eigin farveg.

Áhersluþættir Lyngheima; sjálfsefning, félagsfærni, sköpun og læsi skína í gegn í starfi leikskólans. Gott upplýsingaflæði einkennir leikskólann og er mikil ánægja hjá foreldra hópnunum með skráningu á starfi og vikuleg fréttabréf.

Ánægjulegt er að sjá starfsáætlun fyrir næsta skólaár að áhersla verður lögð á læsi með lestri bóka, hlustun á sögur og leik með tungumálið.

Listasmiðja er eins og fram kemur í starfsáætlun, hjarta leikskólans. Þar verða mörg þeirra verkefna sem börnin taka sér fyrir hendur til og má þar nefna verkefnið *Tröllin okkar* sem unnið var að ósk barnanna.


Leikskólinn tók þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar þar sem þemað var lýðræði. Skólahópur tók þátt í samvinnuverkefninu *Regnbogi meistarans* ásamt Skólahljómsveit Grafarvogs og Tónlistarskólans í Grafarvogi þar sem þau ásamt börnum úr níu öðrum leikskólum sungu á tónleikum í Grafarvogskirkju. Verkefnið heppnaðist einstaklega vel og nutu foreldrar og börn sín mjög vel.

Útskriftarverkefni skólahóps: Börnin sem útskrifuðust af Lyngheimum í júní buðu foreldrum/forráðamönnum sínum á brúðuleiksýningu sem var sýnd við útskrift þeirra í maí. Börnin skrifuðu handrit að leikriti, bjuggu til brúður og settu upp sýningu. Verkefnið var frábærlega vel unnið þar sem börnin fengu að njóta sín í sköpun undir góðri leiðsögn kennaranna og sýndi þau einnig mikið hugrekki þegar leiksýningin var sett upp á útskrift þeirra.

Leikskólinn tók þátt í tilraunaverkefninu *Fyrir í frístund*. Börnin sem hefja skólagöngu í haust útskrifuðust af leikskólanum fyrir en áður hefur verið, eða þann 7. júní og byrjuðu í frístund 10. júní. Yfir veturinn höfðu þau farið í skólaheimsókn í hverfissskólann sem leikskólinn fylgir. Aðlögun yngri barna á leikskólann hliðraðist einnig til í kjölfarið og var í júní.

Áhugavert verður að fylgjast með innleiðingu á verkefninu *Nurture* sem leikskólinn tekur þátt í.

Ytra mat er unnið út frá niðurstöðum könnunar *Stofnun ársins 2023*. Leikskólinn kemur vel út úr könnuninni og er í 7. Sæti yfir alla Reykjavík og er það mikið ánægjuefni.



ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1 F	1 S	1 Þ Opið flæði	1 F	1 S Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 L	1 L	1 Þ foreldravíðtöl þessa viku	1 F Verkalýsdagurinn	1 S
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 S	2 M	2 F	2 M Þróttavika
3 L	3 Þ	3 F Opið flæði	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 M Bolludagur	3 F	3 L	3 Þ
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 Þ Sprengidagur	4 F	4 S	4 M
5 M Fridagur verslunarmanna	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M Opið flæði myrkur í borginni	5 M Oskudagur	5 L	5 M	5 F
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F Jólaleikrit	6 M Þrettándinn kveðjum jólinn	6 F	6 F	6 S	6 Þ Opið flæði	6 F Sumarhátíð
7 M	7 L	7 M Foreldravíðtöl hefjast og eru næstu 2 vikurnar	7 F	7 L	7 Þ	7 F Dótadagur	7 F	7 M	7 M	7 L
8 F Opnum aftur eftir sumarleyfi	8 S Dagur læsis	8 Þ	8 F Baráttudagur gegn einelti Verkstæðisdagur	8 S	8 M	8 L	8 L	8 Þ	8 F Verkstæðisdagur- páskar	8 S Opið flæði
9 F	9 M Verstæðisdagur pastlaus september	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 S	9 M	9 F	9 M Annar í hvítasunnu
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 M	10 F	10 F Verkstæðisdagur- páskar	10 L
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M Jólaleikrit	11 L	11 Þ	11 Þ	11 F	11 F	11 S
12 M Aðlögun hefst	12 F	12 L	12 Þ	12 F Verkstæðisdagur unnið með dag íslenskrar tungu	12 S	12 M	12 M	12 L	12 L	12 M
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F Jólakaffihús	13 M	13 F	13 F	13 S	13 Þ Pálmasunnudagur	13 F
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 F	14 M	14 M	14 L
15 F	15 S	15 Þ Opið flæði	15 F	15 S	15 M	15 L	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F	16 M Dagur íslenskrar náttúru Verstæðisdagur	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 S	16 M	16 F	16 M
17 L	17 Þ	17 F Opið flæði	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 M	17 F	17 L	17 Þ
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 Þ	18 F	18 F Föstudagurinn langi	18 M
19 M Aðlögun hefst	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F
20 Þ Opið flæði	20 F	20 S	20 M	20 M	20 F	20 M	20 F	20 S	20 Þ	20 F
21 M	21 L	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 F	21 M	21 M	21 L
22 F Opið flæði læði skipulagsdagur ½ dagur eftir hádegi	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 S	23 M	23 F	23 M
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M	24 F	24 L	24 Þ
25 S	25 M	25 F	25 M	25 M	25 L	25 Þ	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 M	26 F	26 L	26 F	26 Þ	26 S	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 L	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M			29 Þ	29 F	29 S
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F			30 M	30 F	30 M
31 L		31 F		31 Þ	31 M			31 M	31 L	

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagur starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnsamræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.